

Maí 2017

# Vor í Fjarðabyggð

## Vorið er komið

**Dagana 14. til 22. maí verður árleg vorhreinsun í Fjarðabyggð.**
Þessa daga fara starfsmenn sveitarfélagsins, á virkum dögum, um bæjarkjarna og hreinsa burt þann garðaúrgang sem settur er út fyrir lóðamörk. Tökum höndum saman og förum inn í sumarið í snyrtilegri Fjarðabyggð.
Ef fjarlægja þarf stærri hluti af lóð s.s. afskráð ökutæki, vinnuvélar, báta og annað slíkt er hægt að fá aðstoð hjá framkvæmda- og þjónustumiðstöðvum Fjarðabyggðar. Hafðu samband í síma 470 9000.
Ónýtir bílar og brak á opnum svæðum verður tilkynnt til heilbrigðiseftirlitsins, eigendur slíkra hluta eru hvattir til að taka við sér. Úrvinnslusjóður greiðir 20.000.- í skilagjald fyrir bíla framleidda eftir 1980.

## Umhverfisviðurkenning 2017

Umhverfisviðurkenningar Fjarðabyggðar voru veittar í fyrsta sinn á síðasta ári fyrir snyrtilegustu lóð fyrirtækis, snyrtilegustu lóð í þéttbýli og snyrtilegustu lóð í dreifbýli. Í ár leitum við aftur til íbúa og fyrirtækja Fjarðabyggðar um tilnefningar á lóðum sem verðskulda viðurkenningu. Öllum þeim sem ganga fram með góðu fordæmi ber að hrósa og er umhverfisviðurkenning Fjarðabyggðar mikilvægur liður í því. Snyrtilegt umhverfi er okkur öllum kært.
Tilnefningar skal senda á netfangið fjardabyggd@fjardabyggd.is, merkt umhverfisviðurkenning Fjarðabyggðar 2017.



## Framandi tegundir



*Dæmi um vistkerfi sem lúpína riðlar.*

Lúpína (Lupinus nootkatensis) er samkvæmt skilgreiningu Umhverfisstofnunar framandi tegund sem breiðist út utan náttúrulegra heimkynna sinna, vandamál tilkomið af mannavöldum. Framandi tegund eins og t.d. lúpína riðlar vistkerfum og þar af leiðandi breytist búsvæði jurta og dýra. Útbreiðsla lúpínu er talin vera ógn við líffræðilegan fjölbreytileika íslenskra náttúru.
Samkvæmt heimildum frá Náttúrustofu Austurlands (NA) hefur lúpína breiðst hratt út í Fjarðabyggð og samkvæmt rannsóknum þeirra höfðu sumar lúpínubreiður fimmfaldast á einungis 15 árum.
Sveitarfélagið hóf átak gegn útbreiðslu jurtarinnar á síðasta ári og verður haldið áfram með það átak næstu árin. Í ár verður lögð áhersla á að hamla útbreiðslu lúpínu í Fólkvangi Neskaupstaðar og á Hólmanesi. Lúpínusláttur verður framkvæmdur í júlí þegar jurtin er í háblóma. Á þeim tíma er rót lúpínunnar viðkvæmust og jurtin því líklegri til þess að hopa. Íbúum er frjálst að taka þátt og velja sér svæði. Frekari upplýsingar um þátttöku í átaki gegn lúpínu veitir umhverfisstjóri Fjarðabyggðar.

## Túnfífill og njóli



Túnfífill (Taraxacum officinale) er af mörgum talin þaulsetin boðflenna í lóðum. Fífill var áður mikilsmetin alþýðulækningajurt og nýtt til matargerðar. Fyrir blómstrun voru rætur, stilkar og blöð jurtarinnar notuð til matar og lækninga. Eftir blómgun var unnið úr blómunum m.a. te, vín og sýróp. Innihaldsefni jurtarinnar eru m.a. sykur, insúlín, ýmis vítamín og steinefni.
Til þess að losna við fífil án efnanotkunar er best að þreyta plöntuna, leyfa henni aldrei að ná að þroska fullvaxta blöðum og blómum. Með því að slá jurtirnar oft og reglulega gengur rótin á næringarforðann sinn og gefst að endingu upp.
Besta forvörnin er að fara vel yfir garðinn á vorin og haustin og reglulega allt sumarið. Sjá til þess að þær plöntur sem taldar eru óæskilegar nái aldrei að skjóta rótum og/eða fjölga sér.
Njóli (Rumex lanifolius) er óæskilegur gestur í görðum og óræktarsvæðum í kringum hús. Áður fyrr var njóli talin hin ágætasta lækningajurt. Ef njóli á ekki að ná yfirhöndinni á svæðinu þar sem hann hefur skotið rótum er mikilvægt að gæta þess að hann nái aldrei að mynda fræ. Klippa skal fræin reglulega í burtu og þannig þreyta rótina. Fyrir þá sem geta komið því við er árangursríkast að losna við hann með því að stinga rótina upp, eins djúpt niður og unnt er.



## Fóstrun svæðis

Viltu fóstra svæði, laga til í nærumhverfi þínu utan eignarlóðar? Margir hafa þann sið að vilja láta verkin tala og hafa óumbeðnir fóstrað svæði sér sjálfum til hags sem og fyrir almenning.
Ef þú hefur áhuga á að fóstra svæði hafðu samband við umhverfisstjóra Fjarðabyggðar til frekari ráðlegginga og skipulags. Íbúum er frjálst að taka þátt og velja sér svæði **til að fóstra.**

## Matjurtagarðar

Íbúum Fjarðabyggðar stendur til boða, líkt og fyrri ár, að nýta garðlönd sér að kostnaðarlausu. Viðmið ræktunarreita er um 50 m² á fjölskyldu og marka skal svæðið og merkja. Í lok maí verða garðarnir plægðir og gerðir tilbúnir til ræktunar.
Staðsetning garðanna er óbreytt frá fyrri árum. Hafið samband við bæjarverkstjóra Fjarðabyggðar fyrir nánari upplýsingar um garðana.

## Garðefni og möl

Móttökusvæði garðefna verða frá vorinu með öðru sniði en verið hefur. Fyrirhugað er að vinna gróðurmold úr sláttargrasi, hrossataði og trjágreinum. Losunarsvæðin verða afmörkuð og skipulag á losun verður skýrt og afmarkað.
Losun garðefna á **Reyðarfirði verður að Hjallaleiru, móttaka hættir við Teigargerði**. Svæðið við Teigargerði verður lokað fyrir almenna umferð á meðan svæðið verður lagfært.
Móttaka garðefna á **Eskifirði flyst frá Þverá í Eskifirði að Hjallaleiru í Reyðarfirði**, gámar fyrir garðefni verða sem fyrr á Eskifirði. Móttaka garðefna í öðrum byggðakjörnum sveitarfélagsins verður óbreytt: Í **Neskaupstað** ofan við hesthúsin, á **Fáskrúðsfirði** inn á nesi við söfnunarstöðina og á **Stöðvarfirði** við Byrgisnes.
Með nýju fyrirkomulagi gefst íbúum kostur á að ná sér í **góða gróðurmold, trjákurl og hrossatað**.
Mikilvægt er að þeir sem nýta sér losunarsvæði fyrir garðefni gangi vel um, skilji ekki eftir gras eða annað í plastpokum á svæðinu. Slæm umgengni er engum til sóma, sýnum gott fordæmi og göngum vel um nýju garðefnasvæðin okkar.







## Kæri íbúi



Mig langar að nota tækifærið og óska öllum íbúum Fjarðabyggðar gleðilegs sumars með von um að vorið og sumarið verði okkur öllum ánægjulegur og gefandi tími.

Í tilefni af vorbæklingi okkar langar mig að hvetja alla íbúa og fyrirtæki til dáða í umhverfismálum. Það er sameiginleg ábyrgð okkar allra sem í sveitarfélaginu búa að huga vel að umhirðu, umgengni og úrgangsflokkun. Við getum öll lagt eitthvað af mörkum, heimili jafnt sem fyrirtæki. Um leið og við hugum að eigin eignum og umhverfi þá getum við veitt athygli þeim svæðum sem eru sameignir okkar s.s. með strandlengjunni, á göngustígum eða annars staðar úti í náttúrunni þar sem við eigum leið um. Ef allir standa saman mun ekki standa á frekari árangri.

Árleg vorhreinsun Fjarðabyggðar fer fram vikuna 14. til 22. maí nk. Þessu árlega átaki er ætlað að vekja athygli á umhverfismálum sveitarfélagsins og um leið auðvelda okkur fyrstu verkefni vorsins. Auk þess sem starfsmenn bæjarins fara um bæjarkjarnana og fjarlægja garðúrgang, veita þeir aðstoð varðandi umfangsmeiri verk eins og vegna losunar á afskráðum bílum. Nánar er fjallað í bæklingnum um þá vorþjónustu sem sveitarfélagið veitir hreinsunarvikuna og hvet ég alla til að kynna sér hana vel ásamt þeim heilræðum og nytsömu ráðleggingum sem í bæklingnum má finna.

Líkt og áður mun ég leggja mig fram um, að sveitarfélagið standi við bakið á íbúum og fyrirtækjum, með það að markmiði að við getum öll verið stolt af umhverfi okkar. Með samstilltu átaki í hreinsun og umhirðu munum við festa sess okkar í fremstu röð í umhverfismálum. Lögð verður eins og áður áhersla á samvinnu við íbúa og fyrirtæki um úrgangsflokkun og umhirðu umhverfisins. Látum hendur standa fram úr ermum öll sem eitt og sameinumst um að fegra nánasta umhverfi okkar, samfélaginu okkar öllu til heilla.

*Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri*

## Umhverfisvænni prentun

Vorbæklingur Fjarðabyggðar er prentaður á endurunninn pappír og prentaður í Svansvottaðri prentsmiðju. Að lestri loknum má setja bæklinginn í Grænu tunnuna eða nýta pappírinn til heimajarðgerðar. Auk þess að hvetja til aukinnar umhverfisvitundar, viljum við með umhverfisvænni útgáfu draga úr sóun verðmæta og myndun úrgangs í samræmi við umhverfisstefnu Fjarðabyggðar. Kynntu þér betur umhverfisstefnuna á fjardabyggd.is.

1041 0986
Prentgripur

*Vor í Fjarðabyggð maí 2017, Framkvæmda- og umhverfissvið Fjarðabyggðar*
*Umbrot og prentun: Héraðsprent*

## Hvernig getur þú komið úrgangi til endurvinnslu?

Í Fjarðabyggð geta íbúar látið flestan endurvinnanlegan úrgang í Grænu tunnurnar sem eru við heimili. Þessar tunnur eiga að auðvelda flokkun úrgangs. Einnig er hægt að fara með flokkaðan úrgang á söfnunarstöðvar þar sem tekið er við mörgum endurvinnsluflokkum. Sérstakar móttökur eru svo fyrir skilagjaldskyldar umbúðir. Rauði krossinn er með gáma fyrir fatnað og vefnaðarvörur. Nytjamuni er hægt að gefa nýtt líf hjá Steininum nytjamarkaði í Neskaupstað.

## Hvað má setja í Grænu tunnuna

Græna tunnan gengur út á að auðvelda íbúum flokkun úrgangs og minnka þannig magn þess úrgangs sem fer til urðunar.
Munið að nú má setja stærri plastumbúðir beint í tunnuna en smáar plastumbúðir fara í gegnsæja plastpoka.
Ef þið eruð í vafa er betra að setja meira en minna í Grænu tunnuna. Tunna er tæmd einu sinni í mánuði. Rúmist endurvinnsluefnið ekki í Grænu tunnunni eru íbúar hvattir til að skila því á söfnunarstöðvar.




## Brúna tunnan

Þáttur í umhverfisstefnu Fjarðabyggðar er að dregið verði úr hvers kyns sóun verðmæta, myndun úrgangs og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu. Liður í að ná þessu markmiði er að flokka heimilisúrgang og hefur eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd samþykkt að auka flokkun í sveitarfélaginu og hefja söfnun á lífrænum úrgangi. Í haust fá íbúar tunnu fyrir lífrænan úrgang (Brúna tunnan) og geta þá á einfaldan hátt aukið endurnýtingu enn frekar. Úr lífræna úrganginum verður búin til jarðvegsbætir/molta. Íbúar fá fræðslu og kynningar þegar söfnun hefst.

## Drögum úr myndun úrgangs

**Þegar við komum í veg fyrir að úrgangur verði til annað hvort með betri nýtingu eða breyttum neysluvenjum minnkum við álag á umhverfið, drögum úr kosnaði við meðhöndlun úrgangs og spörum sjálf pening. Talið er t.d. að á Vesturlöndum hendi hver einstaklingur nýtanlegum mat að virði um 60.000 króna á ári.**

- **Velja vörur í minni umbúðum.**
- **Nota margnota burðapoka.**
- **Nota fjölnota vörur í stað einnota.**
- **Draga úr matarsóun.**
- **Nota krukkur sem falla til undir matarafgang og smáhluti.**
- **Kaupa endingargóðar vörur.**

**Allir geta lagt sitt að mörkum með því að staldra við og hugsa hvað get ég gert.**



## Árangur í Fjarðabyggð

Fjörtíu prósent alls þess úrgangs sem safnað var frá heimilum í Fjarðabyggð 2016 fór til endurnýtingar en 60 prósent var urðað.




Í tunnur við heimili eru íbúar að setja 16% í Grænu tunnuna en um 84% fer óflokkað í tunnu fyrir almennan úrgang.




Íbúar eru hvattir til að huga að því sem þeir setja óflokkað í gráu tunnuna fyrir almennan úrgang og spá í hvort því sem hent er geti ekki farið til endurvinnslu í Grænu tunnuna. **Setjum meira í Grænu tunnuna.**

Markmiðið með flokkun úrgangs er að draga úr magni þess úrgangs sem fer til förgunar og hækka um leið það hlutfall sem fer til endurvinnslu og endurnýtingar.

## Hvað verður um endurvinnsluefnið

Allt endurvinnsluefni sem fer í grænu tunnuna og annað sem skilað er til endurvinnslu fer erlendis til endurvinnslu og skapar þannig töluverð verðmæti og kemur aftur inn í hringrás framleiðsluferils. Á síðasta ári voru t.d. flutt út frá Reyðarfirði um 715 tonn af endurvinnsluhráefnum sem Íslenska Gámafélagið safnaði frá heimilum og fyrirtækjum á Austurlandi.

## Minnkum urðun

Allur úrgangur sem ekki er flokkaður til endurvinnslu er urðaður á urðunarstað Fjarðabyggðar í Þernunesi. Margt mælir með því að draga úr urðun úrgangs. Þetta er afar kostnaðarsamt úrræði og getur verið skaðlegt umhverfinu. Það sem er urðað tekur langan tíma að brotna niður, sérstaklega við aðstæður eins og á Íslandi. Plastpoki brotnar niður á 500- 1000 árum á urðunarstað og plastflaska á hátt í 450 árum.



*Góður árangur í endurvinnslu fæst þegar allir leggja sitt að mörkum; sveitafélagið, íbúarnir, og rekstraraðilar.*

## Íbúagátt

Í upphafi ársins var *Íbúagátt Fjarðabyggðar* tekin í notkun. *Íbúagáttin* veldur straumhvörfum í þjónustu við íbúana. Í gáttinni er hægt að sjá álagningaseðla fasteignagjalda, gjaldayfirlit gagnvart sveitarfélaginu og hægt að sækja um þjónustu þess. Til þess að nálgast þetta þarf að innskrá sig með *Íslykli eða Rafrænum skilríkjum.* Í *Íbúagáttinni* er m.a. hægt að sækja um ýmsa þjónustu framkvæmda- og umhverfissviðs. Hægt er að sækja um lóð, land til leigu, byggingarleyfi, stöðuleyfi og leyfi til dýrahalds, hvort sem um er að ræða hunda, ketti eða fiðurfé. Eftir að sótt er um er hægt að hafa samskipti við þann sem sér um málið í gegnum Íbúagáttina og afgreiðsla málsins verður síðan þar í gegn einnig.
Þetta fyrirkomulag er ekki aðeins bætt þjónusta við íbúa heldur gerir þetta stjórnsýsluna umhverfisvænni þar sem notkun á pappír minnkar töluvert.

## Ábendingarkerfi

Undir liðnum *Hafa samband* á heimasíðu sveitarfélagsins er eitthvað sem kallað er *ábendingarkerfi Fjarðabyggðar.* Í gegnum ábendingarkerfið er hægt að koma skriflegri ábendingu til sveitarfélagsins, t.d. um eitthvað sem betur mætti fara. Að auki gefur það þann kost að hægt er að útskýra staðsetningu þess sem um ræðir með því nota velja punkt eða svæði á kortinu til hliðar. Þegar ábending hefur verið send berst hún til stjórnsýslu- og þjónustusviðs sem kemur henni áfram til réttra aðila. Ábendingakerfið má sjá hér á myndinni.






## Til þjónustu reiðubúin

*Starfsfólk framkvæmda- og umhverfissviðs ásamt skipulags- og byggingarfulltrúa (f.v.) Valur Sveinsson, skipulags- og byggingarfulltrúi, Marinó Stefánsson, sviðsstjóri, Kristrún Ragnarsdóttir, þjónustufulltrúi, Sigurður Jóhannes Jónsson, forstöðumaður framkvæmda- og þjónustumiðstöðva, Ólöf Vilbergsdóttir, verkefnastjóri umhverfismála og Anna Berg Samúelsdóttir, umhverfisstjóri.*



## Leyfismál framkvæmda

### Höfum allt á hreinu í Fjarðabyggð

**Nú þegar vorið er komið og sumarið á næsta leiti, eru margir að hugsa um að fegra umhverfi sitt með ýmsum smábyggingum, pöllum og girðingum.**
**Við fögnum fegrun í sveitarfélaginu en til að koma í veg fyrir ágreining og að ekki sé ráðist í óleyfilegar framkvæmdir er minnt á að í mörgum tilfellum þarf að sækja um leyfi fyrir:**

- **Garðskúrum**
- **Pöllum**
- **Girðingum og skjólveggjum**
- **Móttökuloftnetum og móttökudiskum**

**Frekari upplýsingar má nálgast hjá skipulags- og byggingafulltrúa í síma 470-9000 eða í netfanginu byggingarfulltrui@fjardabyggd.is.**
**Upplýsingar um hvaða framkvæmdir eru undanþegnar byggingarleyfi má einnig finna í gr. 2.3.5 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Byggingarreglugerð er aðgengileg á slóðinni www.reglugerd.is.**

## Stöðuleyfi fyrir gáma

### Stöðuleyfi fyrir gáma og aðra lausafjármuni

**Sækja þarf um stöðuleyfi hjá skipulags- og byggingarfulltrúa Fjarðabyggðar til að láta gáma og aðra lausafjármuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjármuna.**
**Hægt er að nálgast reglur um stöðuleyfi lausafjármuna í Fjarðabyggð og gjaldskrá, á heimasíðu Fjarðabyggðar, www.fjardabyggd.is. Umsóknareyðublöð fyrir almenn stöðuleyfi og leyfi á skipulögðum gámsvæðum er að finna í Íbúagátt Fjarðabyggðar.**
**Skipulögð gámasvæði eru í öllum þéttbýliskjörnum Fjarðabyggðar.**
**Nánari upplýsingar eru veittar í síma 470-9000 eða á netfangið byggingarfulltrui@fjardabyggd.is.**

## Kortasjá

Korta- og landupplýsingakerfi er aðgengilegt á heimasíðu Fjarðabyggðar.
Í kortasjánni er hægt að skoða teikningar af byggingum, fá upplýsingar um lagnir s.s. vatnsveitu, fráveitu og hitaveitu og þar eru upplýsingar um aðalskipulag, deiliskipulag og minjavernd. Í kortasjánni er einnig hægt að skoða loftmyndir og götukort, mæla vegalengdir ofl.
Kortasjáin er tengd Þjóðskrá Íslands og er hægt að nálgast þar opinberar upplýsingar fyrir einstaka hús eða stærri svæði.
Upplýsingar og aðstoð varðandi notkun á kortasjá veitir Kristrún í síma 470-9000 eða á netfanginu kristrun.ragnarsdottir@fjardabyggd.is.